



# Oddeyrarskóli Tengja

3. tölublað  
skólaárið  
2012-2013

**Nóvember**

## Skólaráð Oddeyrarskóla komið til starfa

Í grunnskólalögum segir að í hverjum grunnskóla eigi að vera starfrækt skólaráð. Skólaráð er samráðsvettvangur skólustjóra og skólasamfélagsins og lýtur það ákveðnum reglum. Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn.

### Í skólaráði Oddeyrarskóla 2012-2013 sitja eftirtaldir:

- Kristín Jóhannesdóttir skólustjóri
- Sólveig Styrmsdóttir kennari
- María Aðalsteinsdóttir kennari
- Brynja Þorsteinsdóttir matráður
- Magni Þrastarson nemandi í 9. bekk
- Sara Hlín Hauksdóttir nemandi í 10. bekk
- Marína Sigurgeirsdóttir foreldri
- Snorri Björnsson foreldri
- Fulltrúi grenndarsamfélagsins, til dæmis íbúi í hverfinu, starfsmaður íþróttafélags eða fyrrverandi nemandi sem verður valinn af skólaráði.

Skólustjóri stýrir starfi skólaráðsins. Ef fulltrúar nemenda telja sig ekki hafa forsendur til að taka þátt í umfjöllun um ákveðið mál getur skólustjóri leyst þá undan setu á fundi.

Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann, setur sér starfsáætlun og fundar reglulega. Ráðið ræðir margvísleg mál sem snúa að skólahlaldi, eins og skólanámskrá, starfsáætlun, kennslu, breytingar á skólahlaldi og starfsemi, aðbúnað og velferð nemenda, húsnæðis- og öryggismál og margt fleira. Skólaráð fjallar einnig um erindi frá ýmsum aðilum og veitir umsagnir ef þess er óskað. Skólaráð ræðir ekki málefni einstaklinga. Skólaráð er mikilvægur þáttur í því að koma sjónarmiðum sem flestra á framfæri og tryggja samráð við þá sem koma að málefnum skólans áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar. Þátttaka nemenda í skólaráðum byggir á því að börn eiga rétt á því að koma skoðunum sínum á framfæri í málum sem þau varða en það er í samræmi við 12. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Fyrsti fundur skólaráðs Oddeyrarskóla var haldinn 19. október og mun skólaráð funda mánaðarlega. Fundargerðir skólaráðs verða birtar á heimasíðu skólans.

## SMT skólafærni 100 miða leikurinn



Dagana 31. október til 15. nóvember förum við í svokallaðan 100 miða leik meðal starfsmanna og nemenda. Leikurinn gengur út á það að tveir starfsmenn á dag fá hvor um sig fimm sérstakar hrósstjórnur sem þeir gefa 10 nemendum sem þeir telja að fari sérstaklega

vel eftir skólareglum. Nemendur vita ekki hvaða starfsmenn eru með miðana hverju sinni.

Leikurinn stendur yfir í 10 virka daga og eru því samtals 100 miðar í gangi. Miðarnir sem nemendur fá fara síðan á sérstakt spjald sem er staðsett hjá ritara. Verðlaunin í leiknum eru fyrirfram ákveðin og skrifuð á blað ásamt upplýsingum um hvaða röð á spjaldinu vinnur. Þessar upplýsingar eru settar í lokað umslag sem er geymt á skrifstofu skólans en sýnilegt öllum.

Þann 16. nóvember verður tilkynnt hver verðlaunin eru og hvaða tíu nemendur fá þau.

## Stjórn foreldrafélags Oddeyrarskóla

Nú hefur ný stjórn foreldrafélags Oddeyrarskóla verið kjörin. Marína Sigurgeirsdóttir er hætt sem formaður og er formaður nú Jóhanna M. E. Matthíasdóttir (Hannela).

### Stjórn foreldrafélagsins samanstandur af eftirtöldum bekkjarfulltrúum:

1. bekkur: Helga Vilhjálmsdóttir
2. bekkur: Rósa Dröfn Guðgeirsdóttir
3. bekkur: Unnur Vébjörnsdóttir
4. bekkur: Jóna Kristín Guðmundsdóttir
5. bekkur: Íris Dröfn Hafberg
6. bekkur - gjaldkeri: Ingibjörg Ásta Björnsdóttir
7. bekkur - ritari: Sædís Inga Ingimarsdóttir
8. bekkur - formaður: Jóhanna M. E. Matthíasdóttir (Hannela)
9. bekkur: Ingimar Tryggvason
10. bekkur: Fulltrúa vantar



## Sigrún Gunnarsdóttir fer í leyfi og nýr starfsmaður ráðinn sem umsjónarmaður Frístundar

Sigrún Gunnarsdóttir sem hefur verið umsjónarmaður frístundar við Oddeyrarskóla um árabíl mun fara í leyfi til næsta vors og mun í leyfinu starfa á leikskólanum Kiðagili. Í hennar stað hefur verið ráðinn nýr starfsmaður, Jóhann Gunnar Sigmarsson. Jóhann stundar nú í meistaranám í kennsluréttindum, en hefur áður starfað m.a. á leikskólanum Hólmasól og á sambýli í Reykjavík. Við bjóðum Jóhann Gunnar velkominn til starfa um leið og við óskum Sigrúnu góðs gengis í nýju starfi.

## Innleiðing nýrrar aðalnámskrár Þekking—leikni—hæfni

Starfsmenn Oddeyrarskóla eru nú að vinna að gerð nýrrar skólanámskrár fyrir skólann.

Ný skólanámskrá byggir á nýrri aðalnámskrá sem felur í sér nokkrar grundvallarbreytingar á skólastarfi. Ein þessara áherslubreytinga er áhersla á að nemendur nái ákveðinni **hæfni** í ákveðnum námsgreinum eða lykilorðum.

Þekking, leikni og hæfni eru lykilhugtök í aðalnámskrá grunnskóla. Hugtakið hæfni felur í sér þekkingu og leikni og er samofið siðferðilegum viðhorfum nemenda. Nám í grunnskóla þarf að taka tillit til allra þessara þátta þar sem tekið er mið af aldri og þroska nemenda. Hér að neðan er nánari skilgreining á hugtökunum:

**Þekking** er safn staðreynda, lögmála, kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt.

**Leikni** er bæði vitsmunaleg og verkleg. Hún felur í sér að geta beitt aðferðum, verklagi og rökréttri hugsun.

**Hæfni** felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni.

## Fágæti og furðuverk — styrkur frá foreldrafélaginu

Fyrir skömmu fékk skólinn afar góðan styrk frá foreldrafélagi skólans til að koma sér upp lestrarpokum fyrir lestrarverkefnið *Fágæti og furðuverk*. Verkefnið hefur verið unnið í skólanum undanfarin ár undir leiðsögn Ingibjargar Auðunsdóttur, sérfræðings hjá Miðstöð skólaþróunar við HA. Þau skipti hefur skólinn fengið afnot af lestrarpokum hennar.

*Fágæti og furðuverk* byggir á því að skólinn komi sér upp bekkjarsetti fyrir eina bekkjardeild sem hefur að geyma bækur, tímarit og fylgihluti fyrir nemendur í 4. bekk. Lagt er upp úr því að efnið tengist áhugasviði nemenda, ekki síst drengja. Með Fágæti og furðuverki eru foreldrar virkjaðir, einkum feður eða karlkyns einstaklingar, til að lesa með börnunum heima og skapa þannig jákvæða lestrarfyrirmynd.

Nemendur taka vikulega heim bakpoka til að vinna með í samvinnu við fjölskyldu sína. Mælt er með fjórum vikum í senn, tvisvar sinnum yfir skólaárið. Þótt verkefnið beinist að drengjum og áhugamálum þeirra er mikilvægt að stelpur eigi einnig kost á að njóta efnisins.

Nú hefur foreldrafélag Oddeyrarskóla styrkt skólann til kaupa á efni í bókapoka fyrir 4. bekk og stendur nú yfir söfnun gagna í pokana. Lestrarverkefnið fer vonandi af stað í skólanum í janúar.

